

DKG

International Society for Key Women Educators

**Fréttabréf
forseta í
nóvember
2017**


Kæru formenn deilda

Eins ótrúlegt og það er virðist nóvember vera liðinn. Það er eins og dagarnir séu á harðahlaupum en sem betur fer eru þeir yfirleitt ánægjulegir og þess vegna veit maður kannski ekki af fyrir en þeir eru flognir hjá.

Á haustönninni höfum við í stjórninni heimsótt Epsilon og Lambdadeildir á inntökufundum og fengið að gleðjast með þeim yfir fjölgun í samtökunum okkar. Delta deildin hélt upp á afmæli í nóvember en því miður gat ég ekki þegið boð til þeirra en vonast eftir að geta heimsótt þær síðar. Beta og Mý systur buðu svo forseta á jólafundinn og var einstaklega gaman að geta eytt þeirri kvöldstund með þeim. Von okkar í stjórninni er að geta heimsótt allar deildirnar á yfirstandandi stjórnartímabili. Við viljum því biðja ykkur að tryggja að fundaráætlanir séu á vefnum svo hægt sé að skipuleggja heimsóknirnar með einhverjum fyrirvara.

Markmið og hjálpsami

Skipan núverandi stjórnar er nokkuð sérstök þar sem landfræðilega gæti ekki verið lengra á milli okkar. Það þýðir einfaldlega að við verðum að leggja aðeins meira á okkur til að geta sinnt starfinu almennilega og komið í heimsóknir. Það er nú einu sinni svo á Íslandi að við höfum valið okkur ólíkar aðstæður til að búa við og þurfum að taka tillit til þess. Á þetta reyndi nú á dögum þegar hún Phyllis Hickey, sendifulltrúi frá höfuðstöðvunum, kom til að skoða hótél og leggja á ráðin vegna Evrópuráðstefnunnar 2019. Þá var ekki flogið á tilsettum tíma frá Ísafirði, fyrst vegna veðurs og svo vegna tafa í flugi annars staðar frá. Þá var ómetanlegt að geta leitað til annarra DKG-kvenna um að hlaupa í skarðið og taka að sér verkefni. Meðal annars í þessu birtist samstaða DKG kvenna, við hjálpumst að þegar þörf er á. Hún birtist líka í því að kjósa sér stjórn skipaða landsbyggðarkonum í meirihluta, það leggur óhjákvæmilega aukinn kostnað á félagið því þrátt fyrir að margt sé hægt að gera í gegnum netið á það ekki við um allt það sem sinna þarf á vegum DKG. Eftir því sem ég hugsa oftar um það finnst mér einmitt þessi gjörningur lýsandi fyrir inntakið í starfi DKG, það er að leita tækifæra til að efla konur í menntastörfum víðsvegar um veröldina og þar með líka í „úthverfum“ á Íslandi.



Hæverska

Eitt af því sem hefur loðað við okkur kvenþjóðina er heldur mikil hæverska. Það hefur ekki þótt við hæfi að láta vita af afrekum sínum eða viðurkenningum. Samtökin okkar hafa að markmiði að gera einmitt það, að veita konum viðurkenningar fyrir markverð störf að menntamálum. Við hvetjum ykkur, kærur DKG systur, til að láta okkur vita af mikilsverðum atburðum af þessu tagi í lífi ykkar, já eða vinkvenna ykkar í deildunum. Það er gott að konur láti að sér kveða og eina leiðin til að það verði opinbert er að við tölum um það. Endilega sendið okkur póst með upplýsingum um viðurkenningar, greinar og annað sem við getum komið á framfæri.

Úr framkvæmdaáætlun

Svo að markmiðin sem við settum í framkvæmdaáætlunina okkar eigi möguleika á að komast í framkvæmd verðum við að vekja athygli á þeim og mun það verða gert með reglulegum hætti og meðal annars í fréttabréfum forseta.



Eitt af því sem núverandi stjórn setti sér að vinna að var að búa til aðgengilegan lista yfir félagskonur með yfirliti yfir umfjöllunarefni sem þær eru tilbúnar til að koma með á deildafundi eða ráðstefnur. Við sáum fyrir okkur að þegar einhver okkar hefur tekið að sér að skipuleggja viðburð á menntasviði geti verið gott að geta leitað til annarra félagskvemma um efni, nú eða ef deildir eru með sérstök áhersluefni í starfi sínu gæti verið gaman að fá konu úr félaginu til að vera með innlegg á deildarfundi. Á síðasta stjórnarfundi ræddum við hvað væri hægt að kalla svona lista og enduðum á orðinu „þekkingarfordinn“ sem okkur finnst lýsandi fyrir það samansafn af þekkingu sem listinn verður vonandi birtingarmynd fyrir. Vefstjórinn okkar góði, hún Eygló Björnsdóttir, hefur þegar útbúið hnapp á heimasíðuna með þessu yfirheiti og nú er það bara okkar að safna sama upplýsingunum og senda á hana. Slóðin er <https://www.dkg.is/is/thekkingarfordinn> og þar getið þið fylgst með hvernig þessi góði listi fer vonandi að endurspegla þá miklu þekkingu sem er til hjá félagskonum. Án ykkar þátttöku, ágætu formenn, verður þetta ekki að veruleika. Við í stjórninni skorum á ykkur að fá konurnar í ykkar deild til að búa til lista yfir umfjöllunarefni sem þær eru tilbúnar til að vera með og senda svo listann á Eygló. Þetta gæti til dæmis verið fundarefni deildarfundar á vorönninni.

Það er mikilvægt að starfið í deildunum sé sýnilegt. Þess vegna biðjum við ykkur að setja fréttir af deildafundum bæði inn á facebooksíðuna og senda á Eygló (eyglob@gmail.com) til að setja inn á heimasíðuna og ekki er verra ef myndir fylgja með. Þá er einnig mikilvægt að yfirfara félagatal og aðrar upplýsingar á síðum deildanna. Í einhverjum tilvikum hafa netföng og heimilisföng breyst og í öðrum á eftir uppfæra stjórnir.

Á döfinni

Varðandi félagatalið, þá höfum við Sigríður Guðnadóttir, formaður félaga og útbreiðslunefndar, verið að tala saman um að gaman og gagnlegt væri að gefa því nýtt yfirbragð með því að setja myndir af félagskonum við nöfnin. Það myndi gera okkur auðveldara fyrir að muna hver eftir annarri og þar með styðja við markmiðin sem fela í sér að kynnast og sýna samstöðu. Auk þess sem það væri svo miklu skemmtilegra að hringja í konur ef maður veit hverjar þær eru. Við höfum lítillaga velt fyrir okkur hvernig best væri að framkvæma þetta og teljum heppilegast að fela formönnum deildanna að safna saman myndum af félagskonum og senda á Sigríði, sem myndi svo, ásamt stöllum sínum í féлага-og útbreiðslunefnd, sjá um að koma þeim inn í skjalið með félagatalinu. Vonandi dugar okkur veturinn í þetta verkefni, það er ekki svo viðamikið þó að í því felist nokkuð stúss.

Að lokum óska ég ykkur friðsamlegrar aðventu og hvet ykkur til að láta hvergi deigan síga í viðleitninni til að hafa jákvæð áhrif í menntamállum og muna eftir að hjálpast að við að vekja athygli á því sem vel er gert.

Kveðja að vestan
Jóna Benediktsdóttir
Landsambandsforseti 2017-2019



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS
DELTA KAPPA GAMMA™